

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Tæknifræðingafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem hér fara á eftir.

3. gr.

Sjóðfélagar geta orðið allir tæknifræðingar. Heimilt skal stjórn sjóðsins að veita öðrum en tæknifræðingum aðild að sjóðnum.

4. gr.

Aðalfund sjóðsins skal halda árlega og skal hann haldinn um svipað leyti og aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands, en þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert. Boða skal aðalfund með bréfi til allra sjóðfélaga, er póstlagt sé eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Ennfremur skal boða fundinn með einni auglýsingu í dagblöðum. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Á aðalfundi skal stjórn sjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Þá skulu á aðalfundi kjörir þeir trúnaðarmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Skal einn stjórnarmanna og varamaður hans tilnefndir af stjórn Tæknifræðingafélags Íslands til tveggja ára í senn. Hinir fjórir og varamenn þeirra skulu kosnir til tveggja ára í senn á aðalfundi sjóðsins þannig að á hverjum aðalfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn og einn varamaður þeirra til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Allar samþykktir sínar skal hún skrá í gerðabók.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Færa skal sérreikning fyrir hvern sjóðfélaga, og skal auk iðgjaldagreiðslna hans vegna færa honum til tekna árlega vexti og aðrar tekjur. Stjórn sjóðsins skal ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins, sem ennfremur skulu endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.

7. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirgreindan hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum.
4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framar standa, sé innan við 50% af bruna-bótamati fasteignar eða markaðsverði hennar sé það álitid lægra.
5. Í skuldabréfum banka, fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana en þeirra, sem að framan eru greindar, enda starfi þeir á grundvelli laga eða sérstakrar viðurkenningar Seðlabanka Íslands.
6. Í öðrum innlendum skuldabréfum en þeim sem að framan greinir, að því tilskildu að skuldabréfin séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands, eða erlendum skuldabréfum sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París). Þó er óheimilt að verja meira en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á slíkum verðbréfum og mega slík verðbréf, útgefin af einum einstökum skuldara aldrei nema hærra hlutfalli en 5% af heildareignum sjóðsins.
7. Í hlutabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. lög nr. 11/1993 og reglur settar samkvæmt þeim, eða sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á innlendum eða erlendum hlutabréfum. Sjóðnum er þó óheimilt að eiga meira en 5% af hlutafé í einstöku hlutafélagi og jafnframt er honum óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 2,5% af eignum sjóðsins til kaupa á hlutabréfum í einstöku hlutafélagi.
8. Í hlutdeildarskírteinum innlendra verðbréfasjóða sem starfa samkvæmt lögum nr. 10/1993 og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, eða í hlutdeildarskírteinum erlendra verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi í einu eða fleirum af aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja hærra hlutfalli en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og sjóðnum er óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 15% af eignum sínum til kaupa á hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða.

Heimilt er sjóðnum að eiga fasteignir fyrir skrifstofur sínar.

Stjórn LTFÍ er óheimilt að tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaga sem lífeyrissjóðurinn á hlut í.

8. gr.

Iðgjöld til sjóðsins vegna launþega skulu nema 10% af heildarlaunum. Tæknifræðingar, aðrir en launþegar, skulu greiða sem svarar til 10% af heildarlaunum af umsömdum byrjunarlaunum samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags tæknifræðinga. Jafnframt geta einstaklingar, sem skylt er, lögum samkvæmt, að greiða í aðra lífeyrissjóði, greitt viðbótariðgjöld í Lífeyrissjóð Tæknifræðingafélags Íslands.

Iðgjöld skulu greidd mánaðarlega eftir á. Sjóðfélagi ber sjálfur ábyrgð á iðgjalda-greiðslum, þótt hann hafi samið um þær við vinnuveitanda sinn. Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvaða áhrif greiðsludráttur hefur á reiknaða vexti.

Sjóðfélagi, sem vegna atvinnuleysis eða veikinda missir atvinnutekjur sínar lengur en tvær vikur í sama mánuði, þarf ekki að greiða mánaðargjaldið, enda tilkynni hann stjórn sjóðsins skriflega innan mánaðar frá gjalddaga um niðurfall greiðslunnar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsutryggingar hjá viðurkenndu líftryggingarfélagi.

9. gr.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá greidda inneign sína í sjóðnum, og skal sú greiðsla fara fram með jöfnum árgreiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum, sbr. þó 3. málsgrein þessarar greinar.

Deyi sjóðfélagi, skal inneign hans ganga til erfingja eftir þeim reglum, er hér greinir:

- a) Láti hann eftir sig maka, en engin börn undir 18 ára aldri rennur inneignin til makans.
- b) Láti hann eftir sig börn innan 20 ára aldurs, en ekki maka, skiptist inneignin milli barnanna, þannig að hvert barn fái sömu árgreiðslu til 20 ára aldurs.
- c) Láti hann eftir sig maka og börn innan 18 ára aldurs, skal fyrst reikna makanum helming inneignarinnar. Af hinum helmingnum skal greiða börnum eftir reglum b liðar, en verði afgangur skal hann renna til makans. Um dreifingu greiðslna til maka gildir ákvæði 1. málsgreinar.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá ákvæðum um dreifingu greiðslna, ef innstæðan er svo lítil, að árgreiðslur geta ekki náð eftirtöldum hundraðshlutum þeirra launa, sem sjóðfélaginn greiddi síðast iðgjöld af í sjóðinn.

- a) Til sjóðfélaga 25%
- b) Til eftirlifandi ekkju 15%
- c) Til hvers barns 4%

Þá má stytta greiðslutímamann svo, að árlegar greiðslur nemi ofangreindum fjárhæðum. Við ákvörðun árgreiðslna, skal reiknað með áætlun á vöxtum, sem færast eiga á sérreikninga samkvæmt 6. grein.

Nú er eftir innstæða í sjóðnum, sem enginn aðili á rétt á að fá greidda smám saman og rennur hún þá til annarra erfingja.

10. gr.

Nú verður sjóðfélagi þátttaka í sjóðnum óhagstæð vegna atvinnubreytingar, og getur hann þá hætt iðgjaldagreiðslum til sjóðsins. Sama gildir, ef sjóðfélaginn verður fyrir langvarandi örorku eða veikindum, sem valda svo miklum tekjumissi að vinnutekjur ásamt örorkulífeyri, er hann kann að fá úr sjóðnum, nægja ekki til framfæris.

Nú flyst sjóðfélagi í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða er viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða séreign sjóðfélagans út í einu lagi. Það er skilyrði fyrir slíkri greiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir sjóðfélagann í hinum nýja sjóði og ekki mega vera rýmri ákvæði í hinum nýja sjóði um endurgreiðslu en gilda samkvæmt þessari reglugerð.

Ef séreign sjóðfélaga er greidd út í einu lagi til annars lífeyrissjóðs skal draga frá fjárhæðinni kostnað sem nemur einu prósentu af séreign viðkomandi sjóðfélaga.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita viðtöku fé er sjóðfélagi kann að fá flutt úr öðrum lífeyrissjóði sem nefndur er í 2. málsgrein þessar greinar.

11. gr.

Innan Lífeyrissjóðs T.F.Í. starfar örorkutrygging fyrir þá sem greiða iðgjöld í sjóðinn. Hún er fjármögnuð af inngreiddum iðgjöldum til Lífeyrissjóðs T.F.Í. og má eigi greiða árlega meira fé út vegna örorku en sem nemur 15% af fjárhæð iðgjalda hvers árs.

Hver sjóðfélagi sem verður öryrki og missir af þeim sökum einhvern hluta af vinnutekjum sínum á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna 25% eða meira, sbr. þó 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. þessarar greinar. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til þeirra starfa sem hann hefur stundað og möguleika til annarra starfa og skal það vera óháð því mati er sjóðfélagi kann að fá hjá almannatryggingum.

Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum meðan hann heldur 85% af þeim vinnutekjum er hann hafði áður. Með atvinnutekjum öryrkja samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skal telja bætur sem sjóðfélaginn á kröfu á frá öðrum aðilum vegna örorku sinnar svo sem slysa-, sjúkra- og örorkubætur almannatrygginga svo og bætur vinnuveitenda, ábyrgðartryggingar, sérstakar slysatryggingar fyrir reikning atvinnurekenda eða bifreiðatryggingar. Séu bætur greiddar í einu lagi skal stjórn sjóðsins meta hve miklum árstekjum þær samsvara. Bætur sem greiddar eru vegna maka eða barna, reiknast hins vegar ekki með atvinnutekjum í þessu sambandi.

Fullur örorkulífeyrir er 75% af launum þeim sem á hverjum tíma eru talin svara til þeirra launa er öryrkinn greiddi iðgjöld af 5 síðustu árin, áður en örorkan hófst, og úrskurðar sjóðstjórn fjárhæð þessa. Örorkulífeyrinn er jafnhár hundraðshluti af fullum örorkulífeyri og örorkan er metin. Hafi örorkulífeyrisþegi skylduómaga á framfæri sínu er stjórn sjóðsins heimilt að veita honum lífeyri þeirra vegna. Hámark leyfilegs lífeyris fyrir hvern skylduómaga er jafnhár hundraðshluta af barnalífeyri almannatrygginga og örorkan er metin og aldrei skulu greiddar hærri bætur en svo að atvinnutekjur að viðbættum bótum til öryrkjans og skylduómaga nemi fullum örorkulífeyri samkvæmt þessari málsgrein að viðbættum fullum barnalífeyri almannatrygginga fyrir hvern skylduómaga.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin fyrr. Örorkumat og veitingu lífeyris má einnig ákveða til tiltekins tíma og skal mat aldrei gilda lengur en til 5 ára í senn ef örorkan er undir 40%. Skytt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og fjárhagsástandur (staðfest endurrit skattframtala o.fl.) sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Enginn getur krafist örorkulífeyris fyrr en eftir þriggja ára iðgjaldagreiðslu til sjóðsins með fullri starfsorku. Aldrei skal greiða örorkulífeyri fyrstu þrjá mánuði eftir að atvinnutekjur falla niður eða rýrast. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur, en þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða örorkulífeyri allt til 70 ára aldurs, ef sérstaklega stendur á. Reynist örorkutryggingarsjóðurinn ekki fær um að greiða örorkulífeyri samkvæmt framangreindum reglum, ber stjórn sjóðsins að lækka örorkulífeyrisgreiðslur hlutfallslega. Sjóðurinn greiðir kostnað við örorkumöt sem framkvæmd eru skv. ósk hans og heimilt er stjórn sjóðsins að greiða slíkan kostnað í öðrum tilfellum.

12. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Vilji sjóðfélagi eða eftirlátnir erfingjar sjóðfélaga ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um mál er snertir sjóðinn, getur hann krafist gerðardóms og skal þá tilkynna sjóðstjórninni það

bréflega innan mánaðar eftir að honum barst úrskurður hennar. Jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu.

Sjóðstjórninni ber þá að tilnefna annan gerðardómsmann innan tveggja vikna. Síðan koma gerðardómsmenn sér saman um þriðja mann er skal vera formaður dómsins, en komi þeir sér ekki saman um hann, skal hann skipaður af dómstjóranum í Reykjavík. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og honum verður ekki áfrýjað.

Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins löglegar að þær hafi verið samþykktar af löglegum aðalfundi sjóðsins með 2/3 greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skal senda til stjórnar sjóðsins eigi síðan er hálfum mánuði fyrir aðalfund og skal geta tillagna til lagabreytinga í fundarboði.

(Þannig fyrst samþykkt 4. maí 1965 og síðan breytt 9. nóvember 1974, 28. apríl 1979, 7. júní 1985, 23. júní 1987, 4. maí 1990, 28. maí 1991, 29. apríl 1992, 27. mars 1993 og 1. júní 1995.)

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. maí 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

5. júní 1996

Nr. 317

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna úr landi frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 1. mgr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 5. júní 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.